

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2010/61/ESB

2011/EES/55/48

frá 2. september 2010

um fyrstu aðlögun á viðaukunum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða sem sett eru fram í alþjóðasamningum um flutninga á hættulegum farmi á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Ákvæði þessara alþjóðasamninga eru uppfærð á tveggja ára fresti. Því verða breyttar útgáfur þessara samninga í gildi frá 1. janúar 2011, með aðlögunartíma til 30. júní 2011.
- 3) Því ber að breyta þætti I.1 í I. viðauka, þætti II.1 í II. viðauka og þætti III.1 í III. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2008/68/EB

Viðaukunum við tilskipun 2008/68/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað þáttar I.1 í I. viðauka komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 233, 3.9.2010, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37, 30.6.2011, bls. 42.

(1) Stjtið. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

„I.1. ADR-SAMNINGURINN

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2011, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. Í stað þáttar II.1 í II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.1 RID-REGLURNAR

Viðauki við RID-reglurnar, sem birtar eru í viðbæti C við samninginn um millilandaflutninga með járnbrautum (COTIF), í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2011, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

3. Í stað þáttar III.1 í III. viðauka komi eftirfarandi:

„III.1. ADN-SAMNINGURINN

Reglur sem fylgja með í viðauka við ADN-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. janúar 2011, og einnig f-liður 3. gr., h-liður 3. gr., 1. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. ADN-samningsins, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“ eftir því sem við á.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO
